

Auglýsing um friðlýsingu Grunnafjarðar

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Grunnafjörð (Leirárvoga) í Skilmannahreppi og Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru sem hér segir:

Til hins friðlýsta svæðis teljast allar fjörur og allt grunnsævi innan Hvítaness og Súlueyrar. Landmegin markast friðlandið af stórstraumsflóðmörkum og til þess teljast auk þess allar eyjar og sker á firðinum.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Allt jarðrask á friðlandinu er óheimilt. Landeigendur mega þó nýta sand og möl úr firðinum á sama hátt og þeir hafa gert til þessa. Landeigendum er heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar. [Náttúruvernd ríkisins] getur, að fengnum tillögum umsjónarnefndar sbr. 7. gr., heimilað framkvæmdir ef knýjandi ástæður eru til, enda stofni þær ekki gróðri og dýralífi svæðisins í hættu.
2. Óheimilt er að raska sjávarföllum í friðlandinu.
3. Gangandi og ríðandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí eru heimsóknir í eyjar og sker, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum nytjum, óheimilar.
4. Umferð vélknúinna ökutækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu sbr. lið 5.
5. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, þ.e. til beitar, dúntekju og veiða. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur.
6. Óheimilt er að skerða sjávar- og strandgróður innan friðlandsins.
7. Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Skilmannahreppur tilnefni einn nefndarmann, Leirár- og Melahreppur einn og [Umhverfisstofnun] einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími fulltrúa sveitarfélaganna skal vera sá sami og kjörtímabil þessa. [Skipunartími fulltrúa Umhverfisstofnunar er sá sami og kjörtímabil fulltrúa sveitarfélaganna.]
8. [Umhverfisstofnun] getur, að fenginni umsögn umsjónarnefndar, veitt undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar þessarar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur hún gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 30. september 1994.

Össur Skarphéðinsson

Sigurður Á. Þráinsson